

FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

132. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins haldinn þann 22. október 2020 kl. 11.00.

Til fundarins mættu: Árný Sigurðardóttir, Helgi Guðjónsson frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Árni Davíðsson frá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis og Hörður Þorsteinsson og Páll Stefánsson frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði.

1. Framkvæmdaleyfi vegna úrbóta á Bláfjallavegi. Vegagerðin.

Vegagerðin hefur sótt um starfsleyfi vegna lagfæringa á vegfláa á Bláfjallaveig frá Suðurlandsvegi að skíðasvæðinu í Bláfjöllum. Með vísan í ákvæði heilbrigðissamþykktar 555/2015 er leyfisbeiðnin kynnt í framkvæmdastjórn. Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis mun vinna tímabundið leyfi til framkvæmda. Loftorka Reykjavík ehf. mun vinna að þessu verkefni fyrir hönd Vegagerðarinnar og hefur þeim verið kynnt sú umhverfisábyrgð sem þeir bera á framkvæmd þessari og mikilvægi þess að framkvæmdin stofni ekki öryggi vatnsverndar á svæðinu í hættu.

Framkvæmdin felur í sér aðgerðir við Bláfjallaveg til að auka umferðaröryggi. Unnið verður að því að minnka halla á vegfláa þannig að þeir verði hvergi brattari en nemur 1/3 auk þess sem ýmsar hættur í umhverfi vegar verða fjarlægðar. Starfsleyfið nær einnig til efnisflutninga vegna framkvæmdarinnar og frágangs í verklok.

2. Lyklafellslína, mat á umhverfisáhrifum og niðurrif Hamraneslínu. Mögulegt samráð við undirbúning starfsleyfis.

Landsnet óskaði eftir fundi með Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og lagði fram þá fyrirspurn hvort möguleiki væri að vinna starfsleyfi samhliða umhverfismati. Niðurstaðan var að ekki væru forsendur fyrir að hefja undirbúning að starfsleyfi fyrr en fyrir lægi ákvörðun um línulögnina. Aftur á móti væri sjálfsagt mál að taka virkan þátt undirbúningi með því að taka þátt í verkefnaráði um framkvæmdina og tryggja þannig virkara samtal, skilning og betra upplýsingaflæði á milli hagsmunaaðila.

3. Breikkun Suðurlandsvegur, staðan

Á árinu hófst vinna við mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar breikkunar Suðurlandsvegur frá Bæjarhálsi að Hólmsá. Heilbrigðiseftirlitssvæðin sendu sínar athugasemdir vegna fyrirhugaðra breytinga sem flestar snúa að aukin aðgæsla þyrfti vegna vatnsverndarsjónarmiða.

Vegagerðin hefur verið að vinna að áhættumati vegna vatnsverndar vegna framkvæmdanna og hefur Eflu verið falið að vinna það áhættumat. Boðað verður til fundar þar sem drög að slíku áhættumati verður kynnt.

4. Niðurrif við Náttthagavatn á húsarúst sem er inná brunnsvæði við vatnið.

Leitað hefur verið til Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um framkvæmdaleyfi fyrir niðurrifi á rústum Meyjarhvammi. Um er að ræða forskalað timburhús sem er ónýt og eru ekki gerðar athugasemdir vegna þeirrar framkvæmdar. Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis mun gefa út framkvæmdaleyfi til

FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

niðurrifs og leggja áherslu á að farið verið í framkvæmdir þegar frost er í jörðu og lítil hættu á að framkvæmdin hafi í för með sér áhættu fyrir vatnsbólin.

5. Skógræktaráætlun á Lakaheiði og í Lækjarbotnum

Sótt hefur verið um endurnýjun að skógræktaráætlun fyrir Lakaheiði/Lækjarbotnaland, en svæðið um um er að ræða er á grann- og fjarsvæði vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis hefur erindið til afgreiðslu og er tillaga um að leyfið verði endurnýjað en lögð áhersla á að vegna viðkvæmrar staðsetningar sé þannig gengið frá öllum vegaslóðum að önnur ökutæki en þau sem tengjast framkvæmdinni hverju sinni eigi ekki greiða leið um svæðið og að hófs sé gætt í notkun áburðar.

6. Skilgreiningar vatnshlota og skyld mál

Umhverfisstofnun óskaði eftir umsögn um tillögur að nýjum vatnshlotum í strandsjó, þar sem unnið er að flokkun þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Athugasemdir voru lagðar fram frá fulltrúa Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis að skipta þyrfti upp vatnshlotum á höfuðborgarsvæðinu og skilgreina fleiri grunnvatnsstrauma í áætluninni.

7. Framkvæmdir á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis hefur samþykkt framkvæmdir við snjógirðingar og plön við vélaskemmu á Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins í Bláfjöllum. Framkvæmdaleyfið er tímabundið og gildir til 30. nóvember n.k. og er lögð áhersla á að framkvæmdin stofni ekki öryggi vatnsverndar á svæðinu í hættu.

8. Vatnsveita Mosfellsbæjar óskar eftir að grafa fyrir leiðslu og tengja við vatnsbólið í Laxnesdýjum.

Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis hefur fengið umsókn um starfsleyfi fyrir framkvæmdum neðan við vatnsbólið í Laxnesdýjum. Um er að ræða að grafa þarf fyrir leiðslu, tengja og ganga frá svæðinu sem er inná grannsvæði neðan við vatnsbólið í Laxnesdýjum. Um er að ræða lagfæringu á leka sem hefur verið á lögninni. Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis mun gefa út starfsleyfi fyrir framkvæmdinni þar sem lögð verður áhersla á mikilvægi þess að framkvæmdin stofni ekki öryggi vatnsverndar á svæðinu í hættu.

9. Óhöpp og tilkynningar á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins

- 1) Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis hefur borist ábending um að óeðlileg uppsöfnun sé á sauðataði og öðru taði á svæði nálægt Waldorf skála. Heilbrigðisfulltrúi hefur rætt við þá aðila sem tengjast málinu og er lögð áhersla á að koma í veg fyrir þessa uppsöfnun. Jafnframt er í skoðun með hvaða hætti sé hægt að dreifa úr þessari uppsöfnun og er verið að skoða hvort hægt sé að nýta taðið í skógræktaráætlun sem kynnt er í lið 5 í þessari fundargerð.

FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

- 2) Unnið hefur verið að hreinsun á Miðdalsheiði, en þar er um að ræða gróðurleyfar, garðaúrgangur og skotleyfar, s.s. haglaskot.
- 3) Tilkynnt var um bruna á rústum sumarhústaðs í Lækjarbotnum.
- 4) Bílvelta var við Suðurlandsveg 2. október, en ekki var um olíuleka að ræða.
- 5) Tilkynnt var um bílveltu í Bolöldu og fór glusi og olía í jarðveg við óhappið. Verktaki hreinsaði svæðið og var olíublandaður jarðvegur fluttur í urðun.